

Tillaga til 489. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 3. febrúar 2022

Tillaga frá 1184. fundi bæjarráðs, sem fram fór þann 24. janúar 2022, um að vísa skýrslu um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ til bæjarstjórnar til umræðu.

Þá er lagt til við bæjarstjórn að samþykkja að aðgerðir 1-7 í skýrslu RR ráðgjafar verði innleiddar hjá sveitarfélaginu, en þær eru 1) vinna skipulega að því að viðhorf og stjórnmalamenning einkennist af samvinnu og samstöðu 2) þjálfun og fræðsla fyrir fulltrúa í hverfisráðum 3) fulltrúum verði greidd þóknun fyrir störf sín 4) fundargerðir hverfisráða verði færðar inn í málaskrá Ísafjarðarbæjar 5) hvert hverfisráð hafi skilgreinda fundaraðstöðu 6) íbúar fái betri upplýsingar um hlutverk og heimildir hverfisráða.

Að lokum leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja að stofnuð verði nefnd um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ með aðkomu fulltrúa hverfisráða og bæjarstjórnar sem vinni áfram að tillögum um framtíðarskipulag hverfisráða í stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar.

1. Stjórnkerfisbreytingar Ísafjarðarbæjar - 2021070020

Lögð fram lokaskýrsla RR ráðgjafar ehf. um tillögur að breytingum á stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar, sérstaklega hvað varðar hverfisráð.

Til fundarins er mættur Róbert Ragnarsson til kynningar á efninu.

Bæjarráð vísar skýrslu um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ til bæjarstjórnar til umræðu.

Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja að aðgerðir 1-7 í skýrslu RR ráðgjafar verði innleiddar hjá sveitarfélaginu, en þær eru 1) vinna skipulega að því að viðhorf og stjórnmalamenning einkennist af samvinnu og samstöðu 2) þjálfun og fræðsla fyrir fulltrúa í hverfisráðum 3) fulltrúum verði greidd þóknun fyrir störf sín 4) fundargerðir hverfisráða verði færðar inn í málaskrá Ísafjarðarbæjar 5) hvert hverfisráð hafi skilgreinda fundaraðstöðu 6) íbúar fái betri upplýsingar um hlutverk og heimildir hverfisráða.

Þá leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja að stofnuð verði nefnd um stjórnkerfisbreytingar í Ísafjarðarbæ með aðkomu fulltrúa hverfisráða og bæjarstjórnar sem vinni áfram að tillögum um framtíðarskipulag hverfisráða í stjórnkerfi Ísafjarðarbæjar.